

104 Verkakaup í vinnunni við veginn greiðir Suðureyrarhreppur samkvæmt
12. sept. þeim kauptaxta, er gildir um vegavinnu ríkissjóðs, ef ekki er öðruvísi um samið.

7. gr.

Hreppsnefndin skal árlega leggja fram reikning með fylgiskjölum yfir allar greiðslur til vegarins, svo og kvittanir fyrir innborgunum þeim, er 4. gr. samþykktar þessarar áskilur. Skal reikningurinn síðan endurskoðaður og lagður fyrir sýslunefnd til samþykktar.

8. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 200.00, sem renna í sveitarsjóð.

Með mál út af samþykkt þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. október 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

105

12. sept.

SAMÞYKKT

um sýsluvegin í Flateyrarhreppi.

1. gr.

Sýsluvegurinn í Flateyrarhreppi er í samþykkt þessari nefndur sýsluvegurinn frá Breiðadalsá að verzlunarlóð Flateyrarkauptúns.

2. gr.

Samþykkt þessi nær yfir allan Flateyrarhrepp.

3. gr.

Sýsluveg þennan skal gera akfæran vögnum og bifreiðum svo fljótt sem unnt er, og skal hann gerður eftir fyrirmælum vegamálastjóra.

4. gr.

Sá hluti vegarkostnaðarins, sem ekki fæst úr ríkissjóði, greiðist þannig:

- a. Sveitarsjóður Flateyrarhrepps greiði að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hluta hans.
- b. $\frac{1}{3}$ hluti greiðist úr sýslusjóði Vestur-Ísafjarðarsýslu, þó ekki yfir 400 kr. á ári, nema sérstakt samþykki sýslunefndar komi til.

5. gr.

Tillag Flateyrarhrepps til sýsluvegarins skal sveitarstjórnin taka upp á fjárhagsáætlun hreppsins, þegar hún jafnar niður sveitarútsvörum. Ákveður hún þá, hve mikið skal leggja til vegarins ár hvert.

105

12. sept.

6. gr.

Skylt er hreppsnefnd Flateyrarhrepps að annast framkvæmdir á vegalagningunni, ef annað er ekki tilskilið af vegamálastjóra.

Verkakaup í vinnu við veginn greiðir Flateyrarhreppur eftir kauptaxta þeim, er gildir um vegavinnu ríkissjóðs, ef öðruvísi verður ekki um samið.

7. gr.

Hreppsnefndin skal árlega leggja fram glöggan reikning með fylgiskjöllum yfir allar greiðslur til sýsluvegarins, svo og kvittanir fyrir innborgunum þeim, er 4. gr. samþykktar þessarar áskilur. Skal reikningurinn því næst endurskoðaður, ásamt hreppsreikningnum og lagður fyrir sýslunefnd til samþykktar.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 200 kr., er renni í sveitar-sjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. október 1934 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð frá 16. janúar 1934, um útflutning á fiski til Bretlands.

106

13. sept.

Með því að ljóst er að íslenskir fiskútflytjendur geta ekki, vegna viðskipta-samningsins við brezku ríkisstjórnina, flutt til Bretlands allan þann fisk, sem þeir óska á þessu ári, verður að takmarka sem mest útflutning á mjög verðlittlum fiski, og hefir atvinnumálaráðuneytið því sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Þau íslensk veiðiskip, sem flytja nýjan og frystan fisk til Bretlands mega ekki leggja þar á land meira af eftirtöldum fisktegundum: